

Erindisbréf fyrir fjölskyldu- og tómstundaráð

Stjórnskipuleg staða

Fjölskyldu- og tómstundaráð starfar í umboði bæjarstjórnar að félagsþjónustu, barnavernd og íþrótt- og tómstundamálum samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni.

Skipan ráðsins

Í fjölskyldu- og tómstundaráð eiga sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétt. Ráðið getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

Formaður og varaformaður eru kosnir af bæjarstjórn. Ritari fjölskyldu- og tómstundaráðs er sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar.

Hlutverk

Hlutverk fjölskyldu- og tómstundaráðs er að fara með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins varðandi félagsþjónustu, barnavernd og íþrótt- og tómstundarmál.

Ráðið hefur eingöngu heimild til þess að stofna til útgjalda á grundvelli gildandi ákvæða í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni. Hafi afgreiðsla ráðsins í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir, skal slík afgreiðsla ætíð lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn og öðlast hún ekki gildi fyrr en með samþykkt bæjarstjórnar.

Ráðið gerir tillögur til bæjarráðs og bæjarstjórnar og meðal hlutverka hennar er:

- Að fara með málefni er varða félagsþjónustu, barnavernd og íþrótt- og tómstundamálum og sinna stefnumótunarverkefnum í þeim málaflokkum hjá sveitarfélaginu.
- Að afgreiða umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Vestmannaeyjabæjar um fjárhagsaðstoða.
- Að afgreiða áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum Vestmannaeyjabæjar um úthlutun leiguíbúða.
- Að afgreiða áfrýjunar- og undanþágubeiðnir vegna umsókna um búsetu fyrir fatlað fólk.
- Að afgreiða áfrýjunar- og undanþágubeiðnir vengna úmsókna í íbúðir aldraðra og þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

- Að afgreiða áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum um félagslega heimaþjónustu (stuðningsþjónustu).
- Að afgreiða aðrar undanþágubeiðnir og/eða áfrýjanir á umsóknum skv. ýmsum reglum, s.s. um liðveislu, stuðningsfjölskyldur, verksamninga, verkfæra- og tækjakaupa.
- Að afgreiða aðrar afgreiðslur sem heyra undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lög um húsnæðismál, lög um jafnan rétt kvenna og karla, lög um málefni aldraðra og aðra þá málaflokka sem heyra undir verksvið ráðsins og fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar.
- Að afgreiða styrkveitingar innan ramma fjárhagsáætlunar bæjarins til einstaklinga, félagasamtaka eða annarra lögaðila í þeim málaflokkum sem undir ráðiðheyrir.
- Fjölskyldu- og tómstundaráð fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- Að veita undanþágu frá reglum um frístundastyrk og skera úr um vafaatriði sem koma upp.
- Að veita undanþágu varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks.
- Að ákvarða um laun, vinnutímabil og vinnutíma starfsmanna í Vinnuskólanum innan heimilda fjárhagsáætlunar.
- Að fylgja eftir samþykktri stefnu í málaflokkum ráðsins hjá sveitarfélaginu.
- Að vera ráðgefandi fyrir bæjarstjóra, bæjarráð og bæjarstjórn í þeim málaflokkum sem undir ráðið heyrir.
- Að yfirfara drög að fjárhagsáætlun vegna þeirra málaflokka sem undir starfssvið ráðsins heyrir og eftir atvikum koma með tillögur að breytingum.
- Að sjá um önnur þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni á sviði félagsþjónustu og íþrótt- og tómstundamálum.

Ráðið skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í ráðinu setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

Sé ráðinu ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir ráðsins. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er fjallað í samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar og skal þeim fylgt þar sem við á, s.s. um boðun funda, fundargerðir, stjórn á fundum, fundarsköp o.fl.

Fjölskyldu- og tómstundaráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaaætlun. Skal ráðið gera samþykkt um fundaráætlun á sínum fyrsta fundi, að höfðu samráði við bæjarstjóra. Sé um að ræða fund, sem ekki er gert ráð fyrir að sé á

samþykktri fundaráætlun, skal formaður tilkynna ráðsmönnum um áætlaðan fund eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaðan fund. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef bæjarstjóri eða a.m.k. þrír ráðsmenn óska þess.

Formaður ráðs sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg eða rafræn með tölvupósti, þar sem fundarstaður er tilgreindur, tími og dagskrá fundar. Fundarboð skal sent ráðsmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna ráðsmanna er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Formaður ráðsins skal halda bæjarstjóra upplýstum um störf ráðsins.

Eftirfylgni

Formaður ráðsins skal snúa sér til sviðsstjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs með eftirfylgni staðfestra samþykktu ráðsins.

Réttindi og skyldur ráðsmanna

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í ráðinu gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar eftir atvikum.

Ráðsmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann tilkynna forföll til fundarboðanda og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Hver ráðsmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til ráðsformanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa almannahagsmuni og hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við ráðsstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum ráðsins.

Fulltrúar í ráðinu og þeir sem sitja fundi hennar eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum.

Ráðsmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nána venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti.

Ráðið tekur ákvörðun um hæfi ráðsmanns. Ráðsmaður sem hlut á að máli tekur þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Ráðsmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka

þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Lög og reglugerðar

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir, s.s. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, Barnaverndarlögum nr. 80/2002 og Æskulýðslög nr. 70/2007. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020.

Samþykkt í bæjarstjórn 1. júlí 2026